

# Fundargerð

## 5. fundur rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi kjörtímabilið 2014-2018.

**Fundarstaður:** Þingborg

**Fundardagur:** Þriðjudagur 20. janúar 2015.

**Fundartími:** 20:30-23:00

**Fundarmenn:** Stefán Geirsson, Rósa Matthíasdóttir, Veronika Narfadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Reynir Jónsson og Guðrún Elísa Gunnarsdóttir kom sem varamaður Annýjar Ingimarsdóttur

Formaður nefndarinnar Stefán Geirsson sett fund og bauð fundarmenn velkomna. Rósa Matthíasdóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### Samþykktir Rekstrarstjórnar:

- Stefán fór yfir og las fyrir fundarmenn, samþykktir fyrir félagsheimilin í Flóahreppi. Hvað mætti orða betur, hvað ætti ekki lengur við, hvað við settum spurningarmerki við eins og t.d. 3 kaflann sem fjallaði um starfsfólk og ýmsar tillögur að breytingum.

#### Aðalfundur:

- Rætt var um að aðalfundur yrði haldinn ár hvert eigi síðar en í marslok. Í ár yrði stefnt að því að halda hann þriðjudaginn 10 mars.
- Umræður urðu um hverjir ættu atkvæðisrétt á aðalfundi, og ætlaði Stefán að ræða við oddvita og fyrreverandi oddvita varðandi þau mál, en samkvæmt samþykktum eiga atkvæðisrétt á aðalfundi aðeins kjörnir sveitarstjórnarmenn og einn fulltrúi frá hverjum eignaraðila félagsheimilanna.

#### Fjör í Flóa:

- Hátíðin, Fjör í Flóa yrði sett í ár föstudaginn 29 maí og henni lyki síðan sunnudaginn 31 maí. Ýmsar umræður spunnust um hvernig hægt væri að viðhalda og auka spennu og skemmtanagildi þessar árlegu hátíðar. Vanda þyrfti til verka en ýmsar hugmyndir komu upp um hvað væri ákjósanleg skemmtun og hvað gæti mögulega staðið okkur til boða. Fundarmenn voru sammála um að halda óbreyttu því sem vel hafi tekist undanfarin ár s.s. morgunmatnum og fl. Einnig var rætt um að í ár er 85 ára afmæli Kvenfélagsambands Íslands og 100 ára kostningarafmæli kostningaréttar kvenna og hvernig mögulegt væri að tengja þessi afmæli Fjör í Flóa og var þá nefnt t.d aðkoma Kvennabókastofu Eyrarbakka. Einnig var hugmynd hvort mögulegt væri að tengja Bylgjulestina við Fjör í Flóa. Fólk velti upp þeim kosti að fá einhvern starfsmann sem gæti haldið utanum þennan viðburð, markaðssetningu hans og sýnileika. Formaður nefndarinnar ætlaði að kanna hvað væri mögulega í boði varðandi ráðningu á starfsmanni vegna Fjör í Flóa hjá sveitastjóra og oddvita.
- Rætt var um aðrar hátíðir í Flóahrepp á þessu ári og að fara fyrir af stað en á síðasta ári og byrja að undirbúa Tónahátíð nú strax í vor.

Auglýsingar:

- Skoða hvar er best að auglýsa sali félagsheimilanna til útleigu. Hvar og hvernig? Athuga ýmsa miðlæga gagnagrunna sem hægt væri að kynna þá á.
- Setja í Áveituna og heimasíðu Flóahrepps allar upplýsingar og auglýsingar er varðar málefni Rekstarstjórnar félagsheimilanna, s.s. aðalfund og þær uppákomur er Rekstarstjórnir stendur að.
- Auglýsa Fjör í Flóa eins og undanfarið meðfram Þjóðvegi 1 og á hringtorginu hjá Bónus, en þessar staðsetningar á auglýsingarskiltum er háð Vegagerðinni og er Vegagerðin með ákveðnar reglur um hvenær uppsetning skilta megi fara upp og fl. Í framhaldi kom upp sú umræða að vera með íbúa- samkeppni í Flóahrepp um flottustu auglýsinguna á Fjör í Flóa. Þannig myndum við fanga ennmeiri athygli og lengja auglýsingatímann á hátíðinni og síðast en ekki síst að virkja íbúana enn betur.

Önnur mál:

- Formaður vitnaði í sveitarstjórnarfund frá 16. Júní 2014, þar sem vitnað er í að rekstarstjórnin geti haldið allt að 8 fundi á ári en formaður nefndarinnar geti í samráði við sveitastjóra haldið aukafund. Ætlar formaður að athuga þennan lið.
- Rætt var um mikilvægi þess að þegar íbúarnir halda sínar hátíðar t.d. þorrablót þá sitji allir íbúar við sama borð. Sama verð og sama þjónusta sé hjá öllum félagsheimilum Flóahrepps.
- Ákveðið var að halda næsta fund Rekstarstjórnarinnar þriðjudaginn 24. Febrúar í Þjórsáveri